

Lögmenn Mörkinni ehf
Gunnar Jónsson
Mörkinni 1
108 Reykjavík

2004050054
7300; 9310

Reykjavík, 14. júní 2004
/--

Efni: Fjarðaál, losun jarðvegs á land Hólma í Fjarðabyggð

Vísað er til erindis Fjarðaáls sf., dags. 18. maí 2004, þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt losun jarðvegs á land Hólma í Fjarðabyggð samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjarðabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 28. maí 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. maí 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. júní 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 4. júní 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrirhugað er að haugsetja yfirborðsjarðveg úr lóð álvers í Reyðarfirði á land jarðarinnar Hólma, austan iðnaðarlóðar Fjarðaáls. Samkvæmt samanburðarskýrslu Fjarðaáls, HRV, 2002, var áformað að fjarlægja um 790.000 m³ af yfirborðsjarðvegi af lóð álversins og nota til landjöfnunar innan iðnaðarsvæðisins. Nú hafa nýjar rannsóknir leitt í ljós að talsvert meira er af yfirborðsjarðvegi á lóð álversins eða um 1.265.000 m³. Að mati Fjarðaáls er þetta of mikið magn til að koma haganlega fyrir á iðnaðarsvæðinu og jafnframt er vilji til að minnka ráðgert efnismagn sem nýtt verði til landmótunar þar. Nú er því fyrirhugað að koma um 265.000 m³ fyrir á iðnaðarsvæðinu en um 1.000.000 m³ á 23 ha svæði í landi Hólma. Gert er ráð fyrir að leggja vinnuveg frá iðnaðarsvæðinu inn á haugsetningarsvæðið þannig að almenn umferð á þjóðvegi truflast ekki af völdum flutninganna.

Í erindi Fjarðaáls kemur fram að aðrir kostir við að koma efninu fyrir séu annars vegar landmótun innan iðnaðarsvæðisins og hins vegar að nýta efnið í fyrirhugaða hafnargerð. Fyrri

kosturinn sé ekki raunhæfur vegna staðsetningar bygginga. Notkun efnisins til hafnargerðar sé ekki fýsilegt vegna kostnaðar og ekki verði hægt að koma þar fyrir öllum jarðveginum en samstarf verði við Fjarðabyggð og hafnaryfirvöld um að nýta sem best jarðveg sem til fellur á lóðinni.

Landslag. Fram kemur að fyrirhugað haugsvæði er tiltölulega slétt og með lítinn jafnan halla til sjávar og um það renni fjórir lækir. Að framkvæmdinni lokinni verði landið hæðótt á milli lækjanna, þar sem efstu toppar gætu náð allt að 12 m yfir núverandi yfirborð, en fyrirhugað sé að gera ráðstafanir gegn landrofi, setmyndun og rykmyndun. Landmótun og uppgræðsla svæðisins verði í samráði við lanslagsarkitekt og Fjarðabyggð.

Gróður. Fram kemur að vestast á haugsvæðinu sé deiglendi, um miðbik þess sé graslendi og ræktað land og austantil sé votlendi um 5 ha að stærð. Til mótvægis röskun á votlendi megi til dæmis fylla upp í skurði í tünnum austan við bæinn Hólma og endurheimta þannig votlendi. Slík aðgerð yrði í samstarfi við Fjarðabyggð og umhverfisyfirvöld.

Skipulag. Fram kemur að samkvæmt Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 sé fyrirhugað haugsetningarsvæði skilgreint sem óbyggt svæði og svo verði áfram þó svæðið taki útlitsbreytingum en tækifæri skapist til landmótunar. Landið sé í eigu íslenska ríkisins en ekki nytjað af ábúendum Hólma.

Framkvæmdaraðili telur framkvæmdina ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Fjarðabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar er ekki talið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fornleifar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að engar fornleifar hafi fundist á jörðinni Hólum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers í Reyðarfirði. Ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd að því gefnu að fornleifar í nágrenni fyrirhugaðs losunarsvæðis verði girtar af eins og framkvæmdaraðili áformar.

Landslag. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að vegna hæðar jarðvegsfyllinga yfir núverandi yfirborði lands muni fyrirhuguð losun jarðvegs hafa töluverð sjónræn áhrif en þau fari m.a. eftir endanlegri landmótun. Umhverfisstofnun telur að ekki sé gerð nægjanleg grein fyrir sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Myndir sem sýni ásýnd lands úr lofti utan úr firði sýni t.d. ekki hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á útsýni og þar með upplifun íbúa Reyðarfjarðar og annarra sem fara um svæðið eða nýta það, s.s. frá friðlýsta svæðinu á Hólmanesi sem jafnframt er útivistarsvæði og frá vegi. Bent er á að gott útsýni sé frá þjóðvegi yfir Hólmana og Reyðarfjörð og ljóst að losun jarðvegs muni skerða það en ekki sé ljóst hversu mikil þau áhrif verði. Bent er á að almenningi hafi ekki gefist kostur á að gera athugasemdir eða koma með ábendingar við umfjöllun um matsskyldu framkvæmdarinnar og telur stofnunin eðlilegt að haft verði samráð við íbúa í Reyðarfirði um landmótun á

haugsetningarsvæðinu.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að við val á sjónarhorni til að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum hafi verið ákveðið að sýna svæðið frá sjó því að þaðan sjáist best hvernig efninu er komið fyrir á milli lækjanna. Tæknileg vandkvæði hafi verið á að sýna svæðið í meiri nálægð eins og frá Þjóðvegi. Að mati framkvæmdaraðila sé þó aðalatriðið að haugsetningin skerði ekki útsýni út á fjörðinn og verði leitast við að haga haugsetningunni með tilliti til þess.

Gróður. Í umsögn Umhverfisstofnunar er gerð athugasemd við fyrirhugaða röskun á votlendi og minnt á að mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur er. Gera eigi ráð fyrir endurheimt votlendis í stað þess sem raskast ef jarðvegi verði komið fyrir á votlendissvæðum. Það sé hins vegar mat Umhverfisstofnunar að hlífa beri votlendi við Reyðarfjörð við frekara raski en nú þegar hefur orðið og að afmarka eigi svæði fyrir losun jarðvegs þannig að votlendi sé ekki innan þess. Stefna beri að því að græða upp haugsvæðið m.t.t. grenndargróðurs eftir því sem hægt er.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað haugsetningarsvæði megi ekki við frekari skerðingu svo að þykkt efnisins verði ekki meiri en nú sé gert ráð fyrir. Umrætt votlendi sé óreglulegt í lögun og ef sneiða eigi hjá því minnki haugsvæðið um meira en 5 ha. Áréttað er að til mótvægis megi fylla upp í skurði í túnum austan við bæinn Hólma og endurheimta þannig votlendi og lýsir framkvæmdaraðili sig reiðubúinn til að endurheimta meira votlendi en skerðist með fyrirhugaðri framkvæmd í samstarfi við Fjarðabyggð og umhverfisyfirvöld.

Skipulag. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að gera eigi deiliskipulag fyrir haugsetningarsvæðið þar sem um mikið magn efnis sé að ræða og mikilvægt að fyrir liggi fullmótaðar hugmyndir um frágang svæðisins áður en framkvæmdir hefjast.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram það mat að ekki sé þörf á deiliskipulagi nema um breytta landnotkun verði að ræða, svo sem með gerð útivistarsvæðis. Framkvæmdaáformin hafi verið rædd við Fjarðabyggð sem hafi lýst yfir vilja til samvinnu við móttun svæðisins og framkvæmdaraðili sé t.d. reiðubúinn til samráðs við að kynna hugmyndirnar fyrir bæjarbúum. Vegna tímaskorts sé ógerlegt að fullmóta hugmyndir um frágang svæðisins áður en fyrirhugaðar framkvæmdir hefjist. Hins vegar sé ekkert því til fyrirstöðu að huga að frágangi samhliða framkvæmdum þannig að hægt sé að móta svæðið áður en það verður grætt upp.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða haugsetningu á allt að 1.000.000 m³ af yfirborðsjarðvegi úr lóð álvers Fjarðaáls sf. í Reyðarfirði á 23 ha í landi jarðarinnar Hólma, austan iðnaðarlóðar Fjarðaáls. Nýjar rannsóknir hafa leitt í ljós að talsvert meira sé af yfirborðsjarðvegi á lóð álversins, eða um 1.265.000 m³, en áður var gert ráð fyrir 790.000 m³. Gert er ráð fyrir að leggja vinnuveg frá

iðnaðarlóðinni inn á haugsetningarsvæðið þannig að almenn umferð á þjóðvegi truflast ekki. Einnig er gert ráð fyrir að móta landið og græða upp í samráði við Fjarðabyggð og landslagsarkitekt og gerð tillaga um endurheimt votlendis í landi Hólma sem verði í samráði við Fjarðbyggð og umhverfisyfirvöld. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður og votlendi séu ljós þar sem meðal annars hverfi allt að 5 ha af votlendi ef haugsetningu verður hagað eins og kynnt er. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar verði ekki umtalsverð þar sem bæði megi draga úr stærð votlendis sem fer undir og bæta fyrir það sem tapast með þeirri mótvægisáðgerð að endurheimta/skapa votlendi austan við bæinn Hólma. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif verði ekki umtalsverð ef staðið verður þannig að landmótun að útsýni frá þjóðvegi út á fjörðinn skerðist ekki, en fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að hann er sammála mikilvægi þess. Skipulagsstofnun undirstrikar mikilvægi þess að reynt verði að koma sem mestu af efninu fyrir innan iðnaðarsvæðisins og á hafnarsvæði.

Skipulagsstofnun telur að ekki sé þörf á að breyta aðalskipulagi þar sem landnotkun að lokinni framkvæmdinni verði óbreytt.

Skipulagsstofnun telur að vegna þeirrar landmótunar sem fram þarf að fara á svæðinu, sjónrænna áhrifa, áhrifa á votlendi og nálægðar við friðlandið í Hólmanesi beri að vinna deiliskipulag af haugsvæðinu og gefa þannig einnig almenningi möguleika á að tjá sig um landmótun og nýtingu svæðisins. Skipulagsstofnun mælir með því að í deiliskipulagi verði haugsvæði afmarkað, hámarks hæð hauga ákveðin og stefnt að takmörkun skerðingar votlendis með því að haugsetning á votlendi verði ekki fyrr en í lokaáfangi ef ljóst er að ekki verði hægt að koma jarðveginum fyrir utan votlendissvæðisins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að losun jarðvegs á land Hólma í Fjarðabyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð um starsleyfi fyrri atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en veitt er framkvæmdaleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun vistkerfa er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. júlí 2004.

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Fjarðabyggð, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun